

LÖG

11

31. maí

um

iðnaðarnám.

Vjer Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallist á lög þessi og Vjer staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Þegar iðnaðarmenn taka nemendur til þess að kenna þeim iðn sína, eru þeir skyldir að gera skriflegan námssamning. Skal hlutaðeigandi lögreglustjóri rita á samninginn vottorð sitt, um að hann sje samkvæmur fyrirmælum laga þessara. Sje brotið á móti þessu ákvæði, er samningurinn ógildur.

Lögreglustjórar skulu, eftir ráðstöfun ráðherra, hafa í höndum eyðublöð til námssamninga og afhenda þau ókeypis.

2. gr.

Í kaupstöðum mega ekki aðrir taka nemendur til iðnkenslu en meistara í þeirri iðn, og utan kaupstaða þeir iðnaðarmenn einir, sem hafa iðnbrjef eða rjett til þess að fá það.

Þeim, sem tvisvar hefir rofið námssamning í verulegum atriðum að ófyrirsynju, er óheimilt að taka iðnnema.

3. gr.

Í samningnum skal tekið fram, hve langur kenslutíminn skal vera. Skal atvinnumálaráðherra gefa út reglugerð, er ákveði kenslutímabilið í hverri iðn fyrir sig, að fengnum tillögum hlutaðeigandi meistarafjelags og sveinafjelags, ef slík fjelög eru til í landinu.

Nú eru þessi fjelög ekki til, og skal þá stjórn Iðnaðarmannafjelags Reykjavíkur kalla þá meistara og sveina í iðninni, sem hægt er að ná til með tveggja mánaða fyrirvara, á fund, til þess að gera tillögur um málið. Þeir, sem fjarri búa, geta sent tillögur sínar skriflega.

4. gr.

Það skal greinilega tekið fram í námssamningnum, hvort sá, sem annan tekur til kenslu, skuli láta honum í tje húsnæði, fæði, klæði,

11 Þjónustu og annan aðbúnað eða kaup, meðan á námstímanum stendur, 31. maí svo og hvernig kaupgreiðsla skuli fara fram, sje hún ákveðin.

5. gr.

Þrjá fyrstu mánuðina af kenslutímanum ber að skoða sem reynsiu-tíma fyrir báða. Þegar í stað að þeim tíma liðnum hafa bæði læri-meistari og nemandi, sje hann þá orðinn 16 ára, en ella foreldrar eða fjárráðamaður fyrir hans hönd, rjett til að heimta, að samningnum sje slitið, án þess að tilgreina nokkra ástæðu. Þegar svo er, á hvorugur heimtingu á skaðabótum frá hinum.

6. gr.

Nú tekur maður iðnnema, sem áður hefir stundað nám í sömu iðn hjá öðrum, en námssamningi verið slitið án þess að hann hafi átt sök á, og skal þá sá tími, er hann var við nám hjá hinum fyrri, dragast frá fullum námstíma hjá hinum síðari.

7. gr.

Nemandi skal sýna lærimeistara sínum trúmensku og hlýðni við öll þau verk, er snerta iðn þá, sem hann er að nema. Hann skal fylgja lærimeistararanum að vinnu hans eftir því, sem vinnukraftar hans og kunnátta leyfa.

8. gr.

Vinnutími iðnnema má ekki fara fram úr 60 stundum á viku, þar með taldar 6 kenslustundir í teikningu eða bóklegum greinum.

Frá kl. 6 að kvöldi til kl. 6 að morgni má ekki fá iðnnemum, sem ekki hafa verið full tvö ár við nám, neina aðra vinnu en kenslustundir.

Eigi má taka nemanda til náms, sem er yngri en 15 ára.

9. gr.

Á sunnudögum og helgidögum þjóðkirkjunnar má ekki fá nemendum neina vinnu.

Tiltekið skal í námssamningi, hvernig sumarleyfi skuli vera háttað.

10. gr.

Lærimeistari má ekki fá nemanda neina vinnu, sem honum er um megn eða sem skaðleg er fyrir heilsu hans. Hann skal vaka yfir siðferði hans og hegðun. Hann skal kenna honum iðnina svo vel sem unt er, sjá um, að nemandinn að afloknu námi hafi náð leikni í að nota öll verkfæri, sem að iðninni lúta, og að hann kunnir öll verk, sem fyrir geta komið í iðninni, svo vel, að hann geti talist full-

kominn sveinn. Þá er lærimeistari skyldur að láta nemandann ganga í 11
iðnskóla, sje slíkur skóli til á staðnum, en ella sjá honum fyrir kenslu 31. maí
í öllum þeim greinum, sem iðninni eru nauðsynlegar. Allan kostnað af
slíkri kenslu skal lærimeistari greiða.

Geti lærimeistari ekki uppfyllt þessi skilyrði, er honum óheimilt
að taka nemendur.

11. gr.

Námstímanum skal þannig varið, að nemandi læri iðn sína svo
fljótt sem unt er.

Þegar kenslutíminn er á enda, skal nemandi hjálparlaust leysa
af hendi prófsmíð, eða inna af hendi eitthvert það verk, er sýni, að
hann sje fullnuma í iðn sinni. Ef lærisveini hefir verið kend iðnteikning
í iðnskóla, skal nemandi fyrst gera teikning að prófsmíðinni.

Prófdómendurnir ákveða í samráði við lærimeistara, hver próf-
smíðin skuli vera. Nú taka prófdómendur teikninguna eigi gilda, og
getur nemandi þá ekki fengið að leysa af hendi prófsmíði. Sá, sem fellur
á slíku prófi, getur ekki fengið að ganga undir próf aftur fyr en að 3
mánuðum liðnum. Standist nemandi prófið, á hann heimtingu á próf-
skírteini, er sje undirskrifað af lærimeistara hans og prófdómendum,
og heitir það prófskírteini sveinsbrjef.

Standist nemandi eigi prófið fyrir þá sök, að lærimeistari hef-
ir ekki látið sjer nægilega ant um kensluna, á nemandi kröfu til skaða-
bóta, sem fari eftir álitu gerðardóms.

Þrír samiðnarmenn skulu vera prófdómendur, tilnefndir af lög-
reglustjóra á þeim stað, er prófið er tekið. Nánari ákvæði um prófið
og umsjón með því setur ráðherra í reglugerð.

12. gr.

Um framfærsluskyldu lærimeistara gagnvart nemanda fer eftir
ákvæðum fátækralaga.

13. gr.

Nú hefir nemandi að ástæðulausu yfirgefið nám sitt, og má
þá með aðstoð lögreglustjóra flytja hann aftur til lærimeistarans,
ef hann beiðist þess af lögreglustjóra áður en 2 vikur eru liðnar. Vilji
nemandinn, eða foreldrar hans eða fjárráðamaður fyrir hans hönd,
höfða mál til þess að fá samningnum slitið eða leggja það í gerð, skal
það gert innan sömu 2 vikna. Sje mál höfðað eða í gerð lagt áður en
frestur þessi er liðinn, má lögreglustjóri ekki flytja nemanda aftur til
meistarans fyr en dómur er fallinn eða úrskurður feldur af gerðar-
dómi, enda hafi úrslitin verið meistara í vil,

11

31. maí

Námssamningur verður ógildur:

1. Þá er lærimeistari deyr.
2. Þá er nemandi hefir hlaupið brott frá náminu og lærimeistari hefir ekki gert þær ráðstafanir til þess að fá hann aftur til námsins, sem tilteknar eru í 13. gr., innan þess tíma, sem þar er ákveðinn.

15. gr.

Lærimeistari getur slitið námssamningnum:

1. Fyrir sjúkleika sakir nemanda samkvæmt því, er segir í fátækralögum.
2. Ef nemandi gerir sig sekan í verulegu broti á skyldum þeim, sem á honum hvíla samkvæmt námssamningnum.
3. Ef nemandi er dæmdur sekur um brot, sem er svívirðilegt að almenningsáliti.

16. gr.

Nemandi, foreldrar hans eða fjárráðamaður fyrir hans hönd getur slitið námssamningnum:

1. Ef lærimeistari misþyrmir nemanda eða gerir sig sekan í öðru verulegu broti á skyldum, sem á honum hvíla samkvæmt námssamningnum.
2. Ef lærimeistari skiftir um bústað eða vinnustað, þannig, að breytingin hefir það í för með sjer, að nemandi þarf að fara óhæfilega langan veg til vinnu sinnar.
3. Ef lærimeistari er burtu frá atvinnu sinni fulla 2 mánuði, nema vinnan fari fram undir umsjón annars manns í hans stað, er fullnuma sje í iðninni.
4. Ef nemandi sakir sjúkdóms eða annara orsaka vegna verður óhæfur til þess að geta unnið iðn þá, sem um var samið og hann þá var hæfur til, eða ef það að álitni læknis er hættulegt fyrir líf hans eða heilsu að halda áfram að nema iðnina.
5. Ef námsstúlka giftist.

17. gr.

Nú hættir lærimeistari að reka iðn sína sökum þess, að hann verður gjaldþrota eða annara orsaka vegna, eða hann er með dómi sekur orðinn um afbrot, sem svívirðilegt er að almenningsáliti, og getur nemandi þá krafist skaðabóta, er fari eftir álitni gerðardóms.

18. gr.

Auk þess, sem segir í 15.—17. gr., er báðum aðiljum heimilt að slíta námsamningi, ef þeir koma sjer saman um það.

19. gr.

11

Fyr en námssamningi er löglega slitið, má enginn taka nemanda 31. maí annars manns til kenslu eða nota aðstoð hans í sömu iðn.

20. gr.

Nú verður ágreiningur milli nemenda og lærimeistara um þau at-riði, er um ræðir í 11. gr., 15. gr. 2. lið, 16. gr. 1., 2., og 4. lið og 17. gr. laga þessara, og skulu þau mál koma í gerð, nema málsaðiljar komi sjer saman um annað. Í gerðardómi skulu sitja lögreglustjóri í því lögsagnar-umdæmi, þar sem ágreiningurinn rís, og er hann oddviti, og 2 menn að-ir, og tilnefna málsaðiljar sinn hvor.

Nú vill einhver beiðast gerðar, og skal hann þá snúa sjer til odd-vita, og ákveður hann síðan gerðarfund og kveður báða málsaðilja til að sækja þann fund, ásamt gerðarmönnum þeirra, með 8 daga fyrirvara í mesta lagi. Skal á þeim fundi leggja fullnaðarúrskurð á málið, og ræður afl atkvæða úrslitum. Báðir málsaðiljar eru algerlega bundnir við þann úrskurð.

Heimilt er oddvita að fresta fundi, þó ekki oftari en þrisvar sinn-um og ekki lengur en 8 daga í hvert sinn, enda hafi einhver gerðar-manna tjáð honum lögleg forföll, eða oddvita þykir nauðsyn til bera til þess að rjettur úrskurður verði á lagður.

Nú sækir annarhvor gerðarmanna ekki fund og hefir ekki tjáð lög-leg forföll, og getur þá oddviti og hinn gerðarmaðurinn lagt fullnaðarúr-skurð á málið. Með gerðardómi má slíta samningi og dæma þeim skaða-bætur, er tjón beið.

21. gr.

Lærimeistari, sem brýtur gegn reglunum í 1., 2., 8.—10. og 19. gr., skal sæta sektum, alt að 1000 krónum, nema þyngri hegning liggi við að lögum.

Sektir renna í ríkissjóð.

Nú brýtur nemandi verulega gegn skyldum þeim, er á honum hvíla samkvæmt 7. gr., eða hverfur ástæðulaust frá náminu, og skal hann þá, eða foreldrar hans eða fjárráðamaður, greiða lærimeistara skaðabætur samkvæmt úrskurði gerðardóms.

22. gr.

Mál út af brotum gegn ákvæðunum í 1., 2. og 19. gr. eru almenn lögreglumál. Mál milli lærimeistara og nemanda, er snertir námið, eru einkalögreglumál.

11

31. maí

23. gr.
Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 15, 16. sept. 1893, um iðnaðarnám, að því leyti sem þau eru ekki áður úr gildi feld, þegar lokið er öllum námssamningum, er gerðir hafa verið eftir þeim.

24. gr.

Lög þessi ná aðeins til þeirra námssamninga, sem gerðir eru eftir að þau hafa öðlast gildi

25. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1928.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

Gefið á Sorgenfríhöll, 31. maí 1927.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

Magnús Guðmundsson.

12

31. maí

SVEITARSTJÓRNARLÖG

Vjer Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallist á lög þessi og Vjer staðfest þau með samþykki Voru:

I. KAFLI.

Umdæmi.

1. gr.

Sýslur á landinu skulu vera sömu og nú eru, sömuleiðis sýslamörk. Sama er um hreppa í hverri sýslu og hreppamörk.